

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
86. fundur –7. febrúar 2005**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 7. febrúar 2005, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 7:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Sigurgeir Ólafsson boðaði forföll. Í fjarveru formanns stjórnaði varaformaður fundi.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Klórgeymsla og framleiðsla úr klórgasi

Lagt fram erindi Umhverfisráðuneytisins frá 24. janúar 2005 þar sem óskað er eftir umsögn um erindi frá Þorsteini Einarssyni hrl. hjá FORUM lögmenn, dags. 19. janúar, þar sem óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi fyrir hönd Mjallar Friggjar hf., Vesturvör 30c, Kópavogi, sbr. lög nr. 7/1998. Óskað er eftir að fyrirtækinu verði veitt undanþága frá starfsleyfi í a.m.k. 6 mánuði

Eftirtalin gögn voru lögð fram:

Bréf heilbrigðiseftirlitsins til Bæjaráðs Kópavogs dags. 24. janúar 2005

Bréf heilbrigðiseftirlitsins til Vinnueftirlits ríkisins dags. 28. janúar 2005

Bréf heilbrigðiseftirlitsins til Byggingafulltrúa Kópavogs dags. 31. janúar 2005

Bréf heilbrigðiseftirlitsins til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins dags. 31. janúar 2005 og tölvuskeyti frá 1. febrúar 2005

Bréf frá byggingafulltrúa Kópavogsbæjar dags. 2. febrúar 2005

Bréf frá Vinnueftirlitinu dags. 3. febrúar 2005

Útskrift fundargerðar Bæjarráði Kópavogs frá 3. febrúar 2005.

Erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins með tölvuskeytum frá 1. febrúar 2005.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd getur ekki veitt jákvæða umsögn um erindið.”

Loftur Þór Pétursson situr hjá við afgreiðsluna.

2. Tillaga að heilbrigðissamþykkt vegna fráveitu í Garðabæ

Lögð fram tillaga að samþykkt um fráveitu í Garðabæ.

Heilbrigðiseftirlitinu falið að ganga frá tillögunni í samræmi við bréf Umhverfisráðuneytisins frá 24. október 2002 um holræsamál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45

Loftur Þór Pétursson

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Richard Hansen

Andrés Pétursson

Gestur Pétursson